



Hafnarfjörður 10. júní 2013

### Skólastjórar grunnskóla í Hafnarfirði og Álftanesi

#### Ágætu skólastjórar

Skólameistarar Flensborgarskólans og Iðnskólans í Hafnarfirði hafa, að höfðu samráði við fullrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins, tekið þá ákvörðun að leggja af starfsemi framhaldsskólabrautarárinnar að Strandgötu 31. Skólarmir fóru af stað með reksturinn haustið 2012 sem tilraunaverkefni til eins árs. Við ítarlega skoðun á rekstrinum er ljóst að ekki er rekstrargrundvöllur fyrir brautinni í núverandi mynd.

18 nýjar umsóknir bárust um nám við brautina og 3 nemendur voru að hugsa um að halda áfram á annað námsár. Ekki voru allar 18 umsóknirnar að koma sem forgangshópur úr grunnskóla og hluti þeirra er með brautina í 2 vali.

Náms- og starfsráðgjafar Iðnskólans og Flensborgarskólans hafa haft samband við umsækjendur og forráðamenn þeirra og upplýst um þessa ákvörðun. Einnig hafa þeir upplýst nemendur/forráðamenn um möguleika nemenda varðandi nám við hæfi í Iðnskólanum í Hafnarfirði og Flensborgarskólanum.

Við Iðnskólann í Hafnarfirði hefur verið starfrækt almennt nám sem ein bekkjarheild og verið er að þróa það nám í framhaldsskólabraut eins og tilökast í öðrum framhaldsskólum.

Virðingarfyllst,

Ársæll Guðmundsson, skólameistari

